

FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
frá 14. maí 2014

2024/EES/11/55

um að veita króatískri skipaskrá ESB-viðurkenningu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit*(tilkynnt með númeri C(2014) 3014)*

(2014/281/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009 frá 23. apríl 2009 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 4. gr.,

með hliðsjón af bréfum frá króatískum yfirvöldum, 23. júlí 2010 og 25. febrúar 2014, þar sem farið er fram á að framkvæmdastjórnin veiti króatískri skipaskrá ESB-viðurkenningu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009, skulu aðildarríki, sem óska eftir að veita stofnun viðurkenningu, sem hefur ekki enn öðlast hana, leggja fyrir framkvæmdastjórnina beiðni um slíka viðurkenningu.
- 2) Hinn 23. júlí 2010 lagði Lýðveldið Króatía fram upplýsingar og sönnun um að króatísk skipaskrá samrýmdist kröfum reglugerðar (EB) nr. 391/2009. Með tilliti til þess að viðurkenningarferlið getur tekið langan tíma eftir að beiðni hefur verið lögð fram og þar eð króatíska ríkisstjórnin mun ekki vera í stakk búin að fela króatískri skipaskrá lögboðin verkefni, á tímabilinu frá inngöngu Króatíu í ESB og þar til viðurkenningarferlinu lýkur, hóf framkvæmdastjórnin undirbúning að því að meta króatísku skipaskrána áður en Króatía yrði aðili að Sambandinu.
- 3) Í kjölfar aðildar Króatíu að Sambandinu ítrekaði Króatía, 25. febrúar 2014, beiðni sína við framkvæmdastjórnina um að veita króatískri skipaskrá ESB-viðurkenningu.
- 4) Með aðstoð Siglingaöryggisstofnunar Evrópu staðfesti framkvæmdastjórnin að króatísk skipaskrá uppfyllti allar lágmarksviðmiðanirnar sem settar eru fram í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 391/2009.
- 5) Matið var byggt á athugun á gögnunum, sem króatísk yfirvöld lögðu fram, sem og á niðurstöðum úr tveimur skoðunum, sem fóru fram á skrifstofum króatísku skipaskrárinnar, sem sérfræðingar frá Siglingaöryggisstofnun Evrópu framkvæmdu í október 2011, og einni skoðun, sem framkvæmd var í október 2013, til að sannprófa að fulltrúar króatísku skipaskrárinnar hefðu gert ráðstafanir til að ráða bót á þeim annmörkum sem framkvæmdastjórnin benti á meðan á matinu stóð.
- 6) Í þeim tilvikum þar sem annmarkar komu í ljós gripu fulltrúar króatísku skipaskrárinnar ávallt til viðeigandi og fullnægjandi aðgerða til úrbóta. Fulltrúar króatísku skipaskrárinnar voru samvinnufúsir meðan á matsferlinu stóð og sýndu fram á getu sína til að gera endurbætur á stofnuninni og verklagsreglum sínum í forvarnarskyni.
- 7) Enn er unnið að framkvæmd nokkurra aðgerða til úrbóta og með þeim verður fylgst, einkum opnun útibússkrifstofu í Shanghai í Kína. Þetta dregur þó ekki í efa almenn gæði kerfa og eftirlitskerfa stofnunarinnar.
- 8) Framkvæmdastjórnin staðfesti einnig að fulltrúar króatískrar skipaskrár hefðu skuldbundið sig til að fara að ákvæðum 8. gr. (4. mgr.), 9., 10. og 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 145, 16.5.2014, bls. 43. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 326/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 11.

- 9) Frammistaða króatískrar skipaskrár á sviði öryggis og mengunar telst fullnægjandi, enda þótt hún sé litillega undir meðalframmistöðu annarra viðurkenndra ESB-stofnana. Þetta sýnir fram á jákvæða þróun samkvæmt Parísarsamkomulaginu um hafnarrikisefirlit, þar sem meðaltal skipa í farbanni var 0,51% á tímabilinu 2010-2012, samanborið við 0,89% á tímabilinu 2009-2011 og 1,44% á tímabilinu 2008-2010. Á árunum 2010, 2011 og 2012 var þar að auki ekkert farbann í tengslum við viðurkennda stofnun, samkvæmt reglum hafnarrikisefirlits bandarísku strandgæslunnar, lagt á skip sem skráð eru í króatísku skipaskrána.
- 10) Til að tryggja að stofnunin geti ávallt starfað í samræmi við kröfur reglugerðar (EB) nr. 391/2009 og með hliðsjón af því að fulltrúar króatískrar skipaskrár hafa vottað tiltölulega lítinn hluta flotans, telur framkvæmdastjórnin að samfara aukinni starfsemi stofnunarinnar ætti að auka, með viðeigandi hætti, tækni- og stjórnunargetu hennar, þ.m.t. með því að fjölga skrifstofum, ef þörf er á.
- 11) Lögadili króatískrar skipaskrár hefur aðsetur í Split í Króatíu og er hann opinber stofnun samkvæmt „lögum um króatíska skipaskrá“ frá 20. september 1996 (Stjórnartíðindi nr. 81/96) og „stofnskrá króatískrar skipaskrá“ frá 1. júní 1997. Hún ber heitið „króatísk skipaskrá“ (Hrvatski registar brodova).
- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 (1).

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

„Króatísk skipaskrá“ er viðurkennd skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 14. maí 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Siim KALLAS

varaforseti.

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 frá 5. nóvember 2002 um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) og um breytingu á reglugerðum um siglingaöryggi og varnir gegn mengun frá skipum (Stjtíð. EB L 324, 29.11.2002, bls. 1).